

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að áskilja Suðureyrarhreppi forkaupsrétt að öllum fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal-, deiliskipulags fyrir Suðureyrar-kaupún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

1. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 609 11. ágúst 1983, orðist svo:
Verð hverrar getraunaraðar er kr. 3,75.

2. gr.

6. málsg. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 11 10. janúar 1984, orðist svo:
Vinningar, sem ekki ná kr. 250,00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 250,00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 250,00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. ágúst 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.